

BAUHAUS slhf  
Lambhagavegi 2-4  
113 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2021  
UST202104-179/H.I.I.  
07.06.02

### **Niðurstöður eftirlits með markaðssetningu og merkingu sæfivara á markaði**

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum á markaði hjá BAUHAUS slhf. þann 21. september 2021. Undir umfang eftirlitsins féllu allar sæfivörur í vöruflokkum 7-rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu, 8- viðarvarnarefni, 14- nagdýraeitur, 18- skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21- gróðurhindrandi vörur, sem BAUHAUS slhf. býður fram á markað.

Skoðað var hvort að vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, sbr. reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og hvort að vörur með markaðsleyfi, uppfylltu skilyrði um flokkun, pökkun og merkingu skv. sömu reglugerðum. Jafnframt var skoðað hvort merkingar væru í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sbr. reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Eftirlitið náði til 17 sæfivara, sem eru til sölu hjá BAUHAUS og er BAUHAUS slhf. innflutningsaðili allra varanna nema einnar. Af vörunum reyndust 10 þeirra ekki uppfylla skilyrði efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem sett er á grundvelli efnalaga. Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðsleyfi og merkingar og þau frávik frá téðum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir BAUHAUS slhf. frest til 5. janúar 2022 til að senda stofnuninni afrit af merkimiðum fyrir eftirfarandi vörur:**

- **Gori Dækkende træbeskyttelse nr. 605**
- **Pinotex Classic**
- **Pinotex Classic heldækkende**
- **Pinotex Dør- og vinduesmaling**
- **Pinotex Terrasseolie**
- **Benar Edeltreolie**
- **Demidekk Ultimate**
- **NonStop II**
- **NonStop Supreme**
- **Aqualine Optima Spray.**

**Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málnúmerinu UST202104-179. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).**

Umhverfisstofnun veitir BAUHAUS slhf. hér með frest til 15. desember nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 15. desember nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnunni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr. Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>